




Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu – Mæling á ferðatíma með Google Maps

Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu var mældur með Google Maps og tafir metnar. Auk þess að mæla ferðatíma var annatími árdegis og síðdegis skilgreindur fyrir höfuðborgarsvæðið. Ferðatími milli ára var einnig borinn saman. Mældur var ferðatími fyrir 20 lengri leiðir til að fá stöðu á ferðatíma fyrir höfuðborgarsvæðið í heild sinni og 20 styttri leiðir til að stöðu á ákveðnum vegköflum, sem m.a. eru þekktir fyrir að hafa tafir eins og t.d. Reykjanesbraut við Kaplakrika, Sæbraut, Hringbraut og fleiri staðir. Reynt var að ná um 5 mælingum árdegis, utan annatíma og síðdegis. Sjá má allar leiðir í skýrslu Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu – Mæling á ferðatíma með Google Maps. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar.

Skilgreining á annatíma á höfuðborgarsvæðinu

Skráð var upphaf og lok annatíma sem og hápunktur annatíma (þ.e. lengsti ferðatími) árdegis og síðdegis fyrir allar leiðir. Upphaf og lok annatíma ákvarðast af því þegar ferðatími byrjar að aukast/styttast miðað við stöðugan ferðatíma. Leiðum var skipt upp í leiðir frá úthverfi til miðbæjar og frá miðbæ til úthverfa. Algengast var að annatími árdegis frá úthverfi til miðbæjar byrjaði kl: 7:30, hápunktur annatíma um kl: 8:20-8:30 og að annatíma væri lokið kl: 9:30. Algengast var að annatími síðdegis byrjaði kl: 15:00, að hápunktur væri frá kl: 16:20-16:30 og að annatíma væri lokið kl: 18:00, sjá mynd 1.




Mynd 1 Myndræn framsetning á annatíma á höfuðborgarsvæðinu árdegis og síðdegis.


Ferðatími á höfuðborgarsvæðinu

Sjá má stöðugan ferðatíma, ferðatíma árdegis og ferðatíma síðdegis fyrir lengri leiðir og styttri leiðir á háannatíma á myndum 2-5. Lengsti ferðatími árdegis á lengri leiðum var leið nr. 2 Mosfellsbær- Háskóli Íslands og á leið nr. 10 Vellir- Borgartún eða 32,5 mínútur. Lengstur var ferðatími síðdegis á lengri leið nr. 11. Vellir – Háskóli Íslands, eða um 37 mínútur. Á styttri leiðum árdegis var ferðatími lengstur á leið 19. Reykjavíkurb. – Barmahlíð 25 mín og á leið 3. Reykjavíkurb. – Hamraborg um 15,5 mín. Síðdegis var ferðatími lengstur á leið 12. Laugarásbíó – Mjódd um 23,5 mín og 9. Háskóli Íslands – RÚV um 21 mín.


Sjá má samantekt á lengri og styttri leiðum á stöðugum meðalferðatíma, meðalferðatíma á annatíma, lengsta meðalferðatíma klukkustundar, meðalferðatíma á háannatíma á mynd 6, bæði árdegis og síðdegis. Ferðatími síðdegis er lengri en árdegis og ætla má að tafir séu meiri síðdegis en árdegis.




Mynd 2 Ferðatími á háannatíma að hausti 2023 á lengri leiðum frá úthverfi til miðbæjar.




Mynd 3 Ferðatími á háannatíma að hausti 2023 á lengri leiðum frá miðbæ til úthverfis.



Mynd 4 Ferðatími á háannatíma að hausti 2023 á styttri leiðum frá miðbæ til úthverfis.




Mynd 5 Ferðatími á háannatíma að hausti 2023 á styttri leiðum frá úthverfi til miðbæjar.



Mynd 6 Ferðatími á háannatíma að hausti 2023 á styttri leiðum frá úthverfi til miðbæjar.

Samanburður á ferðatíma milli ára

Gerðar voru mælingar með Google Maps fyrir árin 2021 og 2022, um var að ræða færri mælingar fyrir hverja leið. Þar var lengsti ferðatími skráður en ekki meðaltal af lengsta og stysta ferðatíma á annatíma eins og gert var 2023. Á mynd 7 má sjá samanburð á heildarferðatíma árdegis frá úthverfi til miðbæjar og síðdegis frá miðbæ til úthverfa fyrir lengri leiðir og meðalferðatíma fyrir styttri leiðir. Á lengri leiðum virðist ferðatími hafa aukist frá 2021-2022, eða um 26% árdegis og 19% síðdegis, en lítill munur er á ferðatíma milli 2022 og 2023 bæði árdegis og síðdegis. Á styttri leiðum hefur ferðatími árdegis aukist um tæp 38% frá úthverfi til miðbæjar og um 10% síðdegis frá miðbæ til úthverfa.



Mynd 1 Samantekt á heildarferðatíma á háannatíma fyrir lengri leiðir og meðalferðatíma á styttri leiðum. Leiðum 19-20 sleppt.

Helstu staðir umferðatafa

Helstu staðir þar sem tafir voru til staðar árdegis voru á Kringlumýrarbraut og Kópavogsvegi/Hafnafjarðarvegi á leið til miðbæjar, því næst voru tafir mestar á Vesturlandsvegi á milli Ártúnsbrekku og Mosfellsbæjar. Síðdegis eru tafir mestar á Sæbraut milli Laugarásbíó og Mjódd, Hringbraut í átt til úthverfa, Reykjanesbraut hjá Kaplakrika og svo í Ártúnsbrekku til Mosfellsbæjar.